

# Afgreiðsla byggingarfulltrúa skv. viðauka 2.4 um embættisafgreiðslur byggingarfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar

Árið 2026, þriðjudaginn 23.júní kl. 13:00 eftir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 1262. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu byggingarfulltrúa 3. hæð Borgartúni 12-14, Gjáin.

Fundinn sátu: Silvá Kjærnested staðgengill byggingarfulltrúa, Edda Þórsdóttir, Dagný Geirdal og Böðvar Páll Jónsson.

Fundarritari var Guðbjörg Sigríður Snorradóttir.

## Þetta gerðist:

### 1. Austurgerði 1 - USK26020380

Sótt er um leyfi til að bæta við bílastæði á lóð, stækka með viðbyggingu, breyta útliti og innra skipulagi og fjölga eignum í fjórar með því að breyta bílskúr í íbúð og innrétta tvær íbúðir í kjallara í íbúðarhúsi á lóð nr. 1 við Austurgerði.

Stækkun: xx.x ferm., xx.x rúmm.

Erindi fylgir umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. júní 2026 og yfirlit breytinga á samþykktum aðaltekningum.

Synjað.

Með vísan í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. júní 2026.

### 2. Álftamýri 79 - USK26060065

Sótt er um heimild til að skipta út eldvarnarhurðum að skólastofum Álftamýraraskóla, mhl.01, á lóð nr. 79 við Álftamýri.

Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnarefirlitsins.

### 3. Borgartún 28 - USK26040166

Sótt er um leyfi til að koma fyrir flóttahurð á vesturhlið 1. hæðar, breyta notkun og innrétta sem geymslurými með samtals ? geymslum til útleigu á 1. hæð og í kjallara rýmis 0102 í verslunarhúsi, mhl.05, á lóð nr. 28 við Borgartún.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á samþykktum aðaluppdráttum.

Frestað. Vísað til athugasemda.

#### **4. Bragagata 26A - USK25070383**

Sótt um byggingarleyfi til að fjarlægja kvist á norðurþekju, stækka og endurgera kvist á suðurþekju einbýlishúss á lóð nr. 26A við Bragagötu.

Stækkun: 0.5 ferm., 29.0 rúmm.

Erindi fylgja skuggavarpsteikningar dags. 5. júní 2025 og yfirlit breytinga á aðaluppdráttum samþykktum 9. janúar 2018.

Í framhaldi af kæru frá nágranna var endurmetið af hálfu skipulagsfulltrúa hvort grenndaráhrif væru af breytingunni, og komist að þeirri niðurstöðu að einhver grenndaráhrif yrðu, þrátt fyrir að þau væru afar takmörkuð. Var því ákveðið að afturkalla ákvörðun um veitingu byggingarleyfis, og taka málið upp að nýju og ljúka með rétttri málsmeðferð, þ.m.t. grenndarkynningu. Á fundi skipulagsfulltrúa dags. 23. júní 2026 var ákveðið að falla frá grenndarkynningu vegna málsins sbr. umsögn skipulagsfulltrúa.

Samþykkt með vísan í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 23. júní 2026.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

#### **5. Brekkugerði 4 - USK26060115**

Sótt er um leyfi til að byggja bílskúr, mhl.02, á lóð nr. 4 við Brekkugerði.

Stærð: 35,4 ferm., 104,9 rúmm.

Frestað. Vísað til athugasemda.

Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

#### **6. Brávallagata 8 - USK26060087**

Sótt er um leyfi til að setja svalir á austurhlið 1.-3. hæðar á fjölbýlishúsi á lóð nr. 8 við Brávallagötu.

Erindi fylgir samþykki meðlóðarhafa dags. 20. apríl 2026.

Frestað. Vísað til athugasemda.

Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

#### **7. Brúarvogur 1-3 - USK26030422**

Sótt er um leyfi til breyta erindi BN036137, með síðari breytingum, vegna lokaúttektar þannig að innra skipulagi hefur verið breytt og innréttaðar skrifstofur og brunavarnir uppfærðar fyrir rými 0201 í verslunarhúsi á lóð nr. 1-3 við Brúarvog.

Erindi fylgir skýrsla Lotu efh um brunavarnir dags. 16. mars 2026.

Frestað. Vísað til athugasemda.

## 8. Depluhólar 2 - USK26050360

Sótt er um leyfi til að breyta notkun og innrétta vinnustofu í bílskúr, breyta gluggum og fjarlægja bílskúrshurð auk þess sem sótt er um leyfi fyrir 1.8 m háum steiptum skjólvegg meðfram lóðarmörkum til suðurs og austurs við einbýlishús á lóð nr. 2 við Depluhóla.

Erindi fylgir samþykki lóðarhafa Depluhóla 4, dags. 5. maí 2022 og yfirlit breytinga á samþykktum aðaluppdrætti.

Frestað. Vísað til athugasemda.

## 9. Efstasund 59 – breytingaerindi - USK26040094

Sótt er um heimild til að breyta erindi USK25050301 þannig að innra skipulagi er breytt, bílskúr er stækkaður um meter til austurs og svalir stækkaðar á einbýlishúsi á lóð nr. 59 við Efstasund.

Stækkun: xx.x ferm., xx.x rúmm

Erindi fylgir yfirlit breytinga á samþykktum aðaluppdráttum og jákvæð umsögn skipulagsfulltrúa.

Frestað. Vísað til athugasemda.

## 10. Eyjarslóð 9 - USK26010076

Sótt er um leyfi til að skipta verkstæði í rými 0102 í tvær eignir, koma fyrir iðnaðarhurð á suðurhlíð og innrétta geymslu á 1. hæð í mhl. 01 á lóð nr. 9 við Eyjarslóð.

Erindi fylgir yfirlit breytinga og samþykki meðeigenda í mhl. 01.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing verði gerð þar sem verið er að gera breytingar á fjöleignarhúsi. Eignaskiptayfirlýsandi þarf að senda staðfestingu á að byrjað sé að gera eignaskiptayfirlýsingu á eignaskiptayfirlýsing@reykjavik.is fyrir útgáfu byggingarleyfis. Þinglýsa þarf eignaskiptayfirlýsingu fyrir lokaúttekt.

## 11. Frostaskjól 2 - Stöðuleyfi fyrir KR - USK26030474

Sótt er um stöðuleyfi frá 6. apríl 2026 til 31. október 2026 fyrir veislutjald, með veitingaleyfi í flokki II, teg. g fyrir 50 gesti, 5.0 x 10.0m að stærð, 26 feta gám fyrir greiðasölu tengt 49.0 ferm. afgirtu svæði vestan megin með veitingaleyfi í flokki II tegund g fyrir 40 gesti á kappleikjum knattspyrnufélagsins KR lóð nr. 2 við Frostaskjól.

Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.

## **12. Fífusel 37 - USK26060114**

Sótt er um heimild til að koma fyrir svalalokun á svalir íbúðar 0202 í sambýlishúsi, mhl.07, við Fífusel 37 á lóð nr. 25-41 við Fífusel.

Erindi fylgir ódagsett samþykki meðeigenda.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

## **13. Garðastræti 17 - USK26040227**

Sótt er um leyfi til breyta notkun og innrétta íbúð í rými 0001 í kjallara íbúðarhúss á lóð nr. 17 við Garðastræti.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á samþykktum aðaluppdráttum.

Synjað. Samræmist ekki ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

## **14. Geirsgata 9 - USK26010342**

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi í veitingastað í fl. II, teg. a fyrir 96 gesti á 1. hæð og í kjallara húss á lóð nr. 9 við Geirsgötu.

Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

## **15. Gjúkabryggja 8 - USK26020157**

Sótt er um leyfi til að byggja 3- til 4 hæða steinsteypt fjölbýlishús með 110 íbúðum á sameiginlegum bílakjallara með 57 stæðum á lóð nr. 8 við Gjúkabryggju.

Stærð: 14.515.3 ferm., 38.403.5 rúmm.

Erindi fylgir umsögn skipulagsfulltrúa dags. 17. mars 2026, brunahönnunarskýrsla Örugg útg. V03 dags. 12. maí 2026 og hljóðvistargreinagerð Lotu dags. 3. febrúar 2026.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

## **16. Glaðheimar 26 - USK24110063**

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum vegna gerðar eignaskiptasamnings, þannig að stærðir og innra skipulag íbúða 0001 og 0002 hefur verið breytt auk þess sem inntök og mælar eru staðsettir í rými sem orðinn er hluti íbúðar 0001 í kjallara fjölbýlishúss á lóð nr. 26 við Glaðheima.

Erindi fylgir samþykki meðlóðarhafa á aðalteikningu dagsettri 20. maí 2025, ódagsett greinargerð fasteignasala um staðsetningu mæla og inntaka og yfirlit breytinga á fylgiblaði dags. 10. apríl 2024 ásamt afriti af samþykktum aðaluppdrætti.

Frestað. Vísað til athugasemda.

## **17. Grensásvegur 1 – breytingaerindi - USK26060111**

Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN058350, með síðari breytingum BN059226, BN060034 og USK25030284, vegna lokaúttektar þannig staðsetning stíglagnar er breytt í bílakjallara, mhl.05, á lóð nr. 1 við Grensásveg.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á samþykktum aðaluppdráttum.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

## **18. Grensásvegur 1C - USK26050312**

Sótt er um leyfi til að breyta notkun og nýta 14 íbúðir sem hótélíbúðir í flokki IV í fjölbýlis- og verslunarhúsi við Grensásveg 1C, mhl.04, á lóð nr. 1 við Grensásveg.

Erindi fylgir afrit af samþykktri aðalteikningu.

Frestað.

Með vísan í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 23. júní 2026.

## **19. Grensásvegur 50 - USK26030162**

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi og innréttu ? í rými 0201 í skrifstofuhúsi, mhl.02, á lóð nr. 50 við Grensásveg.

Frestað. Vísað til athugasemda.

## **20. Grensásvegur 50 - USK26050314**

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem felast í að innréttuð hefur verið hárgreiðslustofa í norðurhluta rýmis 0101 í skrifstofu- og verslunarhúsi, mhl.01, á lóð nr. 50 við Grensásveg.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á samþykktum aðaluppdráttum.

Frestað. Vísað til athugasemda.

## 21. Hagatorg 1 - USK26040333

Sótt um leyfi til að sameina undir eitt málsnúmer stofnerindi BN061414, USK23060270, USK23100364, USK24020129, USK24060326, USK24090120, USK24100247, USK25010125 og USK25050362 auk breytingarierinda vegna lokaúttektar á hótél-veitinga- og skrifstofuhúsi á lóð nr. 1 við Hagatorg.

Erindi fylgir skýrsla Örugg um brunavarnir útg, V15, dags. 11. desember 2025.

Frestað. Vísað til athugasemda.

## 22. Hjallavegur 30 - USK26050396

Sótt er um leyfi til að stækka með viðbyggingu til vesturs íbúð 0101 í tvíbýlishúsi á lóð nr. 30 við Hjallaveg.

Stækkun: 23.4 ferm., 81,9 rúmm.

Erindi fylgir ódagsett samþykki meðlóðarhafa og yfirlit breytinga á samþykktum aðaluppdráttum og samþykki aðliggjandi lóðarhafa fyrir sorpi.

Frestað. Vísað til athugasemda.

## 23. Hlésgata 2 - USK25120059

Sótt er um leyfi til að byggja steinsteypt 3-4 hæða fjölbýlishús með 67 íbúðum á bílajakjallara með 31 bílastæði á lóð nr. 2 við Hlésgötu.

Stærð: 9.836,3 ferm., 34.823,7 rúmm.

Erindi fylgir greinargerð um hljóðvist dags. 20. október 2025, greinargerð um brunavarnir frá Örugg dags. 31. mars 2026, minnisblað frá Eflu um mengunarrannsóknir dags. 25. maí 2025 og aðgerðaráætlun vegna mengunar í jarðvegi dags. 20. ágúst 2025.

Frestað. Vísað til athugasemda.

## 24. Hraunberg 4 - USK26060063

Sótt er um leyfi fyrir fækkun eigna og áður gerðum breytingum sem felast í að rými 0206, 0207, 0208 og 0210 hafa verið sameinuð og innréttuð sem skrifstofur í rými 020? í verslunar, í skrifstofu- og íbúðarhúsi á lóð nr. 4 við Hraunberg.

Erindi fylgir afsal vegna breytingar á eignarhaldi rýmis 0210 dags. 09. mars 2026 og yfirlit breytinga á samþykktum aðaluppdráttum.

Frestað. Vísað til athugasemda.

## **25. Hraunbær 50 - USK26060139**

Sótt er um leyfi til að fjölga eignum með því að sameina í eina eign í rými 0001, 0002, 0003 og snyrtingu 0011, breyta innra skipulagi og innrétta sem íbúð 0001 í kjallara fjölbýlishúss við Hraunbæ 50, mhl.08, á lóð nr.36-60 við Hraunbæ.

Erindi fylgir samþykki meðeigenda í húsi dags. 13. maí 202? og yfirlit breytinga á samþykktum aðaluppdráttum.

Frestað. Vísað til athugasemda.

## **26. Hringbraut 110 - USK26060230**

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum á innra skipulagi og útliti einbýlishúss á lóð nr. 110 við Hringbraut.

Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Frestað. Vísað til athugasemda.

## **27. Hverafold 1-3 – breytingaerindi - USK26060035**

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK24120098 þannig að innra skipulagi og brunavörnum er breytt í rými 0103 í verslunar- og iðnaðarhúsi á lóð nr. 1-3 við Hverafold.

Frestað. Vísað til athugasemda.

## **28. Hyrjarhöfði 3 - USK26020159**

Sótt er um leyfi til að fækka og breyta staðsetningu bílastæða, fjölga eignum með því að breyta öllu innra skipulagi og innrétta 6 sjálfstæð atvinnurými, breyta glugga- og hurðarsetningum, bæta við svölum og svalahurðum á báðar hliðar 2. hæðar, koma fyrir þremur iðnaðarhurðum á norðurhlið 1. hæðar, og klæða að utan með sléttri álklæðningu iðnaðarhúsi á lóð nr. 3 við Hyrjarhöfða.

Erindi fylgir greinargerð Öruggr verkfræðistofu um brunavarnir útg. V01 dags. 10. febrúar 2026 og yfirlit breytinga á samþykktum aðaluppdráttum. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. júní 2026.

Frestað. Vísað til athugasemda.

## **29. Hólmgarður 45 - USK26040138**

Sótt er um leyfi til að hækka þak og byggja kvisti á fjölbýlishúsi á lóð nr. 45 við Hólmgarð.

Stækkun: x ferm., x rúmm.

Erindi fylgir yfirlit breytinga og samþykki meðeiganda dags. 8. apríl 2026.

Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.

### **30. Höfðabakki 9 - USK26040217**

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi og stækka verslun með því að sameina notkunareiningar á 1. hæð í austurhluta skrifstofu- og verslunarhúss, mhl.01, á lóð nr. 9 við Höfðabakka.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á samþykktum aðaluppdráttum.

Frestað. Vísað til athugasemda.

### **31. Hörpugata 4 - USK26060113**

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem felast í breytingum á innra skipulagi þannig að geymslu, mhl.02, hefur verið breytt í vinnustofu við íbúðarhús á lóð nr. 4 við Hörpugötu.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á samþykktum aðaluppdráttum.

Frestað. Vísað til athugasemda.

### **32. Kirkjutorg 4 - USK26060037**

Sótt er um leyfi til að breyta flokki veitingastaðar í rýmum 03-0102 og 01-0101 í veitingastað í III, teg. b fyrir ??? gesti og tegund gististaðar á efri hæðum í flokk IV tegund b fyrir ??? gesti í húsi á lóð nr. 4 við Kirkjutorg og nr. 3 við Templarasund.

Frestað. Vísað til athugasemda.

### **33. Kringlan 4-6 - USK26050033**

Sótt er um leyfi til að útbúa þaksvalir út frá matsvæði, rými 0201 í mhl. 02 á 3. hæð í verslunarhúsi á lóð nr. 4-6 við Kringluna

Erindi fylgir yfirlit breytinga á samþykktum aðaluppdráttum.

Frestað. Vísað til athugasemda.

### **34. Laugavegur 107 - USK26030397**

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum á innra skipulagi rýma 019, 025, 006, 021 og 022 í Mathöllinni við Hlemm, húsi á lóð nr. 107 við Laugaveg.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á samþykktum aðaluppdráttum.

Frestað. Vísað til athugasemda.

### **35. Laugavegur 143 – breytingaerindi - USK26020452**

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum á innra skipulagi og til að koma fyrir þremur bílastæðum á lóð fjölbýlishúss á lóð nr. 143 við Laugaveg.

Erindi fylgir umsögn Minjastofnunar dags. 3. júní 2026 og yfirlit breytinga dags. 20. apríl 1929 og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. júní 2026.

Frestað. Vísað til athugasemda.

### **36. Nóatún 17 - USK26060034**

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi í rými 0101 í verslunarhúsi á lóð nr. 17 við Nóatún

Erindi fylgir yfirlit breytinga á samþykktum aðaluppdráttum.

Frestað. Vísað til athugasemda.

### **37. Ránargata 16 - USK26030276**

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN029148 vegna lokaúttektar þannig að gerðar hafa verið breytingar á innra skipulagi í einbýlishúsi á lóð nr. 16 við Ránargötu.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á samþykktum aðaluppdráttum.

Frestað. Vísað til athugasemda.

### **38. Skipholt 19 – breytingaerindi - USK26020072**

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK23110167 þannig að innra skipulagi er breytt og innréttaður er veitingastaður í flokki II tegund A fyrir allt að 80 gesti í rými 0101 í sambýlis- og iðnaðarhúsi á lóð nr. 19 við Skipholt.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á samþykktum aðaluppdráttum.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

### **39. Skipholt 70 - USK26060033**

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi. Opna á milli rýma 0101 og 0102 og innrétta verslun og kjötvinnslu í sameinuðu rými í verslunar- og fjölbýlishúsi á lóð nr 70 við Skipholt.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á samþykktum aðaluppdráttum.

Frestað. Vísað til athugasemda.

#### **40. Skólavörðustígur 25 - USK24070312**

Sótt er um leyfi til að byggja viðbyggingu til norðurs uppað og ofaná mhl. 03, byggja svalir, innréttu geymslur í kjallara og skrifstofur á hæð og sameina í einn matshluta hús á lóð nr. 25 við Skólavörðustíg.

Stækkun: 106,8 ferm., 277,7 rúmm.

Erindi fylgir yfirlit breytinga, greinargerð brunahönnuðar dags. 15. maí 2024, teikningar af skuggavarpi og umsögn Minjastofnunar dags. 25. september 2024..

Einnig fylgir umsögn skipulagsfulltrúa dags. 22. ágúst 2024 og minnisblað hönnuðar varðandi algilda hönnun dags. 22. september 2025.

Frestað. Vísað til athugasemda.

#### **41. Snorrabraut 27 - USK26050106**

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi og innréttu verslun í rými 0101 í verslunar-og íbúðarhúsi, mhl.01, á lóð nr. 27 við Snorrabraut.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

#### **42. Staðarbakki 26 - USK26040399**

Sótt er um leyfi til að setja svalalokun á svalir efri hæðar og nýja útihurð á austurhlið neðri hæðar í raðhúsi við nr.26, mhl.06, á lóð nr. 16 - 26 við Staðarbakka.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á samþykktum aðaluppdráttum.

Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.

#### **43. Stefnisvogur 1 – breytingaerindi - USK26030118**

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK24070158, með síðari breytingum, þannig að svalagangar húsa 1 og 2 eru glerjaðir, bílakjallara er komið fyrir undir húsum 3 og 4 og íbúðum fjölgað um 6 í hvoru húsi auk þess sem breytingar hafa orðið á útliti og stærð húsa 3 og 4, auk þess sem brunavarnir, rýmisnúmer, stærðir og skráningartafla hafa verið uppfærð fyrir fjölbýlishús á 1- 4 á lóð nr. 1 við Stefnisvog.

Stækkun: xx.x ferm., xx.x rúmm.

Erindi fylgir umsögn skipulagsfulltrúa dags. 27. maí 2027, greinargerð Cowi verkfræðistofu um hljóðvist útgáfa 2.0 dags. 28. janúar 2026 og yfirlit breytinga á samþykktum aðaluppdráttum.

Frestað. Vísað til athugasemda.

#### **44. Stefnisvogur 54 - USK26040023**

Sótt er um leyfi til að byggja tvö 3- 7 hæða fjölbýlishús með 86 íbúðum á sameiginlegum bílakjallara með 72 bílastæðum, geymslum og tæknirýmum á lóð nr. 54 við Stefnisvog.

Stærð: 10.655,50 ferm., 32.956,7 rúmm.

Erindi fylgir greinagerð Brunahönnunar slf. um brunavarnir dags. 27. mars 2026 og greinagerð Cowi um hljóðvist, útgáfa 1.0 dags. 1. apríl 2026.

Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.

#### **45. Sörlaskjól 10 - USK26060086**

Sótt er um leyfi til að færa aðalinngang hússins frá suðversturhlið að norðurhlið og byggja þar nýja forstofu með gestasalerni við einbýlishús á lóð nr. 10 við Sörlaskjól.

Stækkun: xx.x ferm., xx.x rúmm.

Erindi fylgir samþykki eigenda lóðar nr. 12 við Sörlaskjól dags. 21. maí 2026.

Frestað. Vísað til athugasemda.

#### **46. Tryggvagata 17 - USK26050460**

Sótt er leyfi til að innrétta veitingastað í flokki II tegund e fyrir 50 gesti á 2. hæð í Listasafni Reykjavíkur, húsi á lóð nr. 17. við Tryggvagötu

Frestað. Vísað til athugasemda.

#### **47. Úlfarsbraut 12 - USK26040396**

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN034775 með því að taka í notkun óuppfyllt rými og innrétta sem geymslu í kjallara parhúss nr. 12 á lóð nr. 10-12 við Úlfarsbraut.

Stækkun: 39 ferm., 99,6 rúmm.

Erindi fylgir samþykki eigenda íbúðar 0101 við Úlfarsbraut 10 dags. 21. apríl 2026. og jákvæð umögn Skipulgasfulltrúa dags 31.03.2026

Samþykkt. Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

#### **48. Ystibær 9 - USK26040151**

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN060765, vegna lokaúttektar í einbýlishúsi á lóð nr. 9 við Ystabæ.

Stækkun: xx.x ferm., xx.x rúmm

Frestað. Vísað til athugasemda.

**Fundi slitið kl. 14:15**  
**Silvá Kjærnested**  
**Edda Þórsdóttir**  
**Dagný Geirdal**  
**Böðvar Páll Jónsson**  
**Guðbjörg Sigríður Snorradóttir.**